

Ákvörðun nr. 20/2025
Föstudagurinn 30. maí 2025

Kaup Arctic Adventures hf. á Happy Campers ehf.

1. Með ákvörðun þessari er tekin afstaða til kaupa Arctic Adventures hf. (Hér eftir „Arctic Adventures“) á Happy Campers ehf. (Hér eftir „Happy Campers“). Arctic Adventures er ferðaskipuleggjandi sem býður upp á afþreyingarferðir um allt land og rekur þrjú hótél, en Happy Campers starfar helst við útleigu á sérútbúnum húsbílum (e. *Campervan*).
2. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfirráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yfirráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur framangreindur gerningur í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 sem er tilkynningaskyldur í skilningi 17 gr. a. sömu laga. Fullnægjandi samrunatilkynning barst Samkeppniseftirlitinu þann 30. apríl 2025. Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga. Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. reglna Samkeppniseftirlitsins um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum nr. 1390/2020 byrjuðu því frestir líða til að rannsaka samrunann þann 2. maí 2025.
3. Með samrunaskrá fylgdu margvísleg gögn, þ.m.t. kaupsamningur milli kaupenda og seljenda um viðskiptin, ársreikningar samrunaaðila og tengdra aðila. Við meðferð málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, þeirra gagna sem með fylgdu og aðgengilegra upplýsinga um viðkomandi starfsemi og samkeppnismarkaði. Þá leitaði eftirlitið einnig umsagna markaðsaðila.
4. Eins og fyrr greinir eru aðilar samrunans Arctic Adventures og Happy Campers. Í samrunaskrá kemur fram að starfsemi Arctic Adventures felist í skipulagningu og sölu eigin ferða í heild- og smásölu fyrir ferðamenn. Skrifstofur og starfsstöð félagsins séu í Reykjavík en ekki sé boðið upp á skipulagðar ferðir innan höfuðborgarsvæðisins. Eiginlegur rekstur félagsins fari fram í dótturfélögum þess, sem bjóði upp á úrval skipulagðra ferða og afþreyingar sem miðuð sé að ferðamönnum á Íslandi. Til dótturfélaga Arctic Adventures sem sinna þjónustu sem snýr að ferðabjónustu á Íslandi teljast m.a. Into the Glacier ehf., Arctic Circle Hotels ehf., Adventure Hotels ehf., Straumhvarf ehf., Kerfélagið ehf., Raufarhóll ehf., Óbyggðasetur ehf., Snowmobile ehf. og South East ehf.
5. Fram kemur í samrunaskrá að Happy Campers sé fjölskyldufyrirtæki sem hafi verið stofnað árið 2009 af hjónunum Herdísí Jónsdóttur og Sverri Þorsteinssyni sem séu enn eigendur félagsins auk tengdra einstaklinga. Félagið starfi við útleigu húsbíla þ.e. bifreiða sem hafa verið útbúnar þannig að hægt sé að gista í þeim. Starfsemi Happy Campers fari fram undir tveimur vörumerkjum, annars vegar Happy Campers og hins vegar Cheap Campervans. Með kaupunum fylgir jafnframt fasteignin að Stapabraut 21 í Reykjanesbæ í eigu Blue Mountain.



6. Í samrunaskrá segir að starfsemi Arctic Adventures fari fram á íslenskum ferðapjónustumarkaði og falli starfsemin undir markað fyrir sölu og framkvæmd á skipulögðum ferðum á Íslandi¹. Þar segir jafnframt að Arctic Adventures skipuleggi og framkvæmi að stærstum hluta þær ferðir sem fyrirtækið býður upp á. Þá starfi fyrirtækið bæði á smásölu- og heildsölumarkaði fyrir skipulagðar ferðir. Fram kemur að heildsölumarkaður felist í sölu á skipulögðum ferðum til ferðaskipuleggjenda, ferðaskrifstofa og annarra milligönguaðila sem starfi á framgreindum markaði. Starfsemi fyrirtækisins á smásölumarkaði felist í því að selja ferðatengda þjónustu beint til endanlegs notanda.
7. Jafnframt kemur fram í samrunaskrá að fyrirtækið reki sölutorg fyrir skipulagðar ferðir. Almennt sé stór hluti afþreyingaferða seldur í gegnum sölutorg innlendra og erlendra ferðaskrifstofa s.s. Viator og tripAdvisor og Booking.com. Telur því fyrirtækið að unnt sé að tilgreina sérstakan markað fyrir rekstur sölutorgs þar samkeppni á markaði fyrir skipulagðar ferðir fari helst fram.
8. Samrunaaðilar telja að full staðganga ríki á milli ólíkra tegunda afþreyingaferða. Janframt séu aðgangshindranir litlar sem komi fram í fjölda keppinauta og ekki þarf mikið fjármagn til hefja starfsemi á þessum markað að þeirra mati.
9. Af hálfu samrunaaðila afmarkast starfsemi Happy Campers við markað sem tilheyri útleigu bifreiða til skemmri tíma sbr. markaðsskilgreiningu í ákvörðun nr. 25/2024². Í ákvörðuninni hafi Samkeppniseftirlitið þó talið að rök geti verið fyrir því að afmarka megi markað og undirmarkað fyrir útleigu bifreiða nánar s.s. eftir orkugjöfum, notagildi o.fl. Sé höfð hliðsjón af þessu kunni starfsemi samrunaaðila, þ.e. útleiga sérútbúinna húsbíla að falla undir annan markað en útleiga á hefðbunum fólksbílum.
10. Að mati samrunaaðila sé ekki ástæða til að skipta landfræðilegum markaði upp eftir tilteknum landssvæðum. Arctic Adventures sinni sölu skipulagðra ferða á fjölmörgum stöðum um allt land. Þrátt fyrir að starfsemi Happy Campers fari fram í Reykjanesbæ séu bifreiðar fyrirtækisins nýttar um allt land. Því sé nærtækast að mati samrunaaðila að landfræðilegi markaður málsins taki a.m.k. óskipt til landsins alls.
11. Að mati Samkeppniseftirlitsins hefur ekkert komið fram við rannsókn málsins sem gefur tilefni til að skilgreina vöru- eða landfræðilegan markað með öðrum hætti en samrunaaðilar gera þar sem starfsemi samrunaaðila sé í boði vítt og breytt um landið, þótt ekki sé nauðsynlegt að taka endanlega afstöðu til markaðsskilgreininga þar sem það hefur ekki áhrif á niðurstöðu málsins.
12. Í samrunaskrá kemur fram að samrunaaðilar starfi á ólíkum mörkuðum og hafi tiltölulega litla markaðshlutdeild. Því hafi því samruninn að mati aðila afar takmörkuð samkeppnisleg áhrif á viðkomandi vöru- og þjónustumarkaði. Að sögn samrunaaðila hafi þeir ekki yfir að ráða nákvæmum tölum um veltu eða markaðshlutdeildir keppinauta á þeim mörkuðum sem samruninn tekur til. Erfitt sé að meta heildarstærð markaða en ýmsar tölur um veltu ferðamanna og stærð ferðþjónustu á Íslandi séu þó aðgengilegar hjá Hagstofu Íslands og Ferðamálastofu.
13. Miðað við veltu Arctic Adventures sé áætluð markaðshlutdeild fyrirtækisins um 15-20% að mati aðila sé litið til veltu stærstu keppinauta Arctic Adventures. Samrunaaðilar setja fyrirvara við þessa útreikninga þar sem erfitt sé eins og fyrr greinir að meta heildarstærð markaðarins. Þá

¹ Í samrunaskrá segir að samkeppniseftirlitið hafi áður fjallað um þá markaði sem samrunaaðilar starfi á og verður höfð hliðsjón af þeim markaðsskilgreiningum sem Samkeppniseftirlitið hefur áður lagt til grundvallar í ákvörðunum sínum. Vísað er m.a. í ákv. frá 12. júlí 2023 í máli nr. 23/2023, *Kaup Travel Connect hf. á Iceland Unlimited ehf.*

² *Kaup Eggs ehf., BL ehf. o.fl. á öllu hlutafé í Bílaleigu Flugleða ehf.*



meta samrunaaðilar markaðshlutdeild Happy Campers út frá stærð markaðar fyrir húsbíla og áætla markaðshlutdeild Happy Campers um 10-15%.

14. Í þessu ljósi telja samrunaaðilar að áhrif samrunans séu takmörkuð. Samruninn hafi engin neikvæð samkeppnisleg áhrif þar samrunaaðilar séu ekki í markaðsráðandi stöðu á þeim mörkuðum sem samruninn tekur til. Þá breytast markaðshlutdeildir samrunaaðila ekki á viðkomandi mörkuðum í kjölfar samrunans og áhrifin yrðu óverulega jafnvel þó fyrirtækin séu talin vera láréttir keppinautar.
15. Samkvæmt upplýsingum frá samrunaaðilum tekur samruninn til starfsemi á ólíkum mörkuðum og er því að mati Samkeppniseftirlitsins ólíklegt að marktæk lárétt eða lóðrétt skörun sé til staðar í starfsemi samrunaaðila. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum sé markaðshlutdeild samrunaaðila lág á þeim mörkuðum sem samruninn tekur til og er því einnig ólíklegt að aukin samþjöppun leiði af samrunanum sem gefi að mati Samkeppniseftirlitsins ekki tilefni til að telja að samrunaaðilar búi yfir markaðsráðandi stöðu eða hún falli þeim í skaut í kjölfar samrunans. Út frá framangreindu verður því ekki séð að samruninn hafi umtalsverð neikvæð samkeppnisleg áhrif í för með sér. Þá gerðu markaðsaðilar sem haft var samband við engar athugasemdir við samrunann.
16. Með vísan til fyrirliggjandi gagna og framangreindrar umfjöllunar fær Samkeppniseftirlitið ekki séð að samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist, eða til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Á grundvelli þess telur Samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til að aðhafast í tengslum við þennan samruna né rannsaka hann frekar, og lýkur því rannsókn eftirlitsins á fyrsta fasa.

Ákvörðunarorð:

„Kaup Arctic Adventures hf. á öllu hlutafé Happy Campers ehf. felur í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson